

Aðalfundur Skalla,

haldinn 30. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Aðalfundur Skalla krefst þess að tryggðir verði 12 dagar til strandveiða í hverjum mánuði tímabilið maí - ágúst.
2. Aðalfundur Skalla leggur til að byggðakvóta verði eingöngu úthlutað til dagróðrabáta í eigu aðila sem hafa lögheimili í byggðarlaginu.
3. Aðalfundur Skalla mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að lækka aflaviðmiðun til línuvinnunar.
4. Aðalfundur Skalla skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir breytingum á reglum um línuvinnun þannig að hún nái til allra dagróðrabáta í krókaafلامarki og báta minni en 30 brt.

Með breytingunni væri verið að koma til móts við sjónarmið stjórnvalda að draga úr kolefnislosun við fiskveiðar.

5. Aðalfundur Skalla telur ný framkomið frumvarp um veiðigjald vera til bóta en saknar þess sárlega að ekki skuli tekið sérstaklega á vanda lítilla og meðalstórra útgerða.

Krafa Skalla er að staðið verði við ákvæði í frumvarpi atvinnuveganefndar í júní sl. um leiðréttingu gjaldsins á nýliðnu fiskveiðiári.

6. Aðalfundur Skalla lýsir áhyggjum yfir stórkostlegu ábyrgðarleysi starfshóps (um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiði- og verndunarsvæða á Íslandsmiðum) að leggja til að stærðarmörk fiskiskipa m.t.t. aðgang að veiðisvæðum skuli afnuminn.

Með tillögunni er ráðist að útgerð smábáta með því að heimila aflmiklum togskipum veiðar á grunnslóð sem hefð er fyrir að smábátar nýta.

Ennfremur væri viðkvæmu lífríki grunnslóðar raskað með beitingu togveiðarfæra á botn þar sem sjónarmið stjórnvalda um ábyrgar fiskveiðar er kastað fyrir róða.

7. Aðalfundur Skalla mótmælir kvótasetningu á grásleppu meðan ekki liggur fyrir nákvæm útfærsla. Fundurinn telur jafnframt að núverandi fyrirkomulag, þ.e.a. veiðitími liggi ekki fyrir áður en vertíð er hafin, sé algerlega óásættanlegt.

8. Aðalfundur Skalla telur að auka þurfi rannsóknir á hrognkelsum og efast einnig að forsendur veiðiráðgjafar þar sem hún byggir aðeins á um þúsund veiddum grásleppum á sl. ári.